

Miðvikudaginn 18. október 1989.

Nr. 396/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. október 1989, sem barst Hæstarétti 13. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara 17. þ.m. er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann, þó þannig, að gæsluvarðhaldið standi allt til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Agnar Víðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 22. nóvember 1989 kl. 16.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 11. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Agnari Víði Bragasyni, kt. 160966-3009, atvinnulausum, með lögheimili að Hábergi 3, hér í borg, síðast með dvalarstað að Hótel Geysi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

Kærði, Agnar Víðir Bragason, hefur viðurkennt að hafa brotist inn í Kaupfélag Árnesinga, Selfossi, aðfaranótt sl. mánudags í félagi við Garðar Garðarsson. Lögregla handtók þá á staðnum. Kærði hefur borið, að þeir hafi farið tveir austur, hann og Garðar, á Range Rover-bifreið, sem Garðar hafi verið á.

Kærði er grunaður um innbrot í verslunina Bonus í Faxafeni 14, hér í borg, aðfaranótt sunnudags, þar sem stolið var um 190.000,00 krónum í peningum og ávísunum. Að auki voru miklar skemmdir unnar á innréttingum og peningaskáp. Áðurnefnd Range Rover-bifreið sást fyrir utan staðinn þá um nóttina. Kærði hefur þverneitað að hafa brotist þar inn.

Kærði er enn fremur grunaður um innbrot í vinnustofu Múlalundar, Há-túni 10 C, hér í borg, en þar var stolið peningaskáp um helgina með 800.000,00 krónum í. Kærði hefur og neitað því.

Kærði er að lokum grunaður um innbrot í bílasöluna Bílaþing um helgina, þar sem áðurnefndri Range Rover-bifreið var stolið. Þar var bifreið af gerðinni Mitsubishi Galant JX-540 stolið, en hún fannst í Breiðholti. Þá var útvarpi stolið úr annarri bifreið. Kærði hefur neitað að hafa brotist inn á bílasöluna.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisföngu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt fram kominni kröfu um gæsluvarðhald.

Kærði losnaði úr afplánum á Litla-Hrauni sl. fimmtudag. Kærði afplánaði þar átta mánaða fangelsisdóm. Þá hefur kærði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands tveimur dómum, sem kveðnir voru upp í sakadómi Reykjavíkur 15. mars og 26. apríl sl., þar sem kærði var dæmdur í samtals 27 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Sakavottorð kærða sýnir, að hann hefur síðan 1. október árið 1984 verið dæmdur í fangelsi í samtals fimm ár og átta mánuði, en áður hafði hann hlotið skilorðsbundinn dóm, og eru flestir dómarnir hegningaraukadómar. Sýnir það, að kærði hefur lítið stöðvast við.

Þegar lítið er til þess, sem að framan er rakið, verður að telja verulega hættu á, að kærði spilli sakargögnum og haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið, og þykir því rétt að taka kröfu RLR um úrskurð um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.